

Foreldrafélagsfundur 5. janúar 2010, kl: 18:00.

Mættir: Linda, Rut, Þórður og Ingibjörg frá FFGIR sem sat fund í um 30 mínútur.

- Nýr í stjórn: Þjóðum Þórð velkominn í stjórn en fyrsti fundur hans var á jólaföndrinu.
- Jólaföndur: það gekk mjög vel en þó fannst stjórn færri mæta nú en árinu áður.
- Styrkur til 10. bekkjar: þann 14. desember 2009 afhenti Júlíus 10. bekkjunum gjafabréf upp á kr 25000, fyrir að sinna gæslu í frímínútum. Á sú upphæð að fara í ferðasjóð. Linda samdi nokkrar línur og Rut teiknaði, sjá mynd.
- Skóladagatal. Ingibjörg frá FFGIR sýndi okkur skóladagatal á ensku og pólsku. Dagatalið nær frá janúar-júní 2010 og er ætlað heimilum þar sem annað tungumál en íslenska er töluð. Ingibjörg mun senda formanni fullbúið skóladagatal nú í vikunni og mun það síðan vera afhent skólastjóra og Svönu kennara sem sér um nýbúakennslu.
- Umferðaöryggi barna við skólann: búið er að taka saman niðurstöður úr könnun frá starfsmönnum við alla skóla Reykjanesbæjar um umferðaröryggi barna við skólana. Grein um þetta verður sent Víkurfréttum. Sjá grein í möppu.
- Fyrirlestrar FFGIR: búið er að ganga frá 4 fyrirlestrum á vegum FFGIR. Verða þeir eftirfarandi: í janúar Marta Eiríksdóttir gleðigjafi fjallar um jákvætt barnauppeldi – skapa ánægðir foreldrar ánægð börn, í febrúar Sigríður Bildal námsráðgjafi fjallar um heimanám góð ráð – hvernig geta foreldrar aðstoðað börnin sín í námi, mars Ásdís Olsen og Dagbjört Ásbjörnsdóttir fjalla um upplýstir foreldrar – hlutverk foreldra í kynfræðslu barna sinna, apríl Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur fjallar um unglíngarnir og við – hvernig lengja foreldrar tauminn?
- Starfsmenn skólans: umræða um hvort foreldrar séu almennt meðvitaðir um það hvert hlutverk starfsmanna við skólans er. Er jafnvel tilefni til að umbuna starfsmönnum.
- Önnur mál: létt umræða um hlutverk foreldrafélagsins. Voru þeir sem mættu á fundinn sátir við að verkefni félagsins væru fá en vel unnin. Hlutverk skólaráðs var einnig rætt en þar er tekið á öðrum hlutum en foreldrafélagið gerir.

Fundi slitið kl: 19:20.

Næsti fundur 2. febrúar

Linda Birgisdóttir